

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/156
komudagur 16.10.2012

From: Ingibjörg.H.Helgadóttir@fjr.is [mailto:Ingibjörg.H.Helgadóttir@fjr.is]
Sent: 16. október 2012 15:56
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Subject: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld

101. mál

Sæll Eiríkur.

Í framhaldi af fyrirspurn Péturs Blöndal um barnabætur sendi ég eftirfarandi texta af heimasíðu ríkisskattstjóra:

Barnabætur í EES ríkjum.

Menn með ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, sem starfa í öðru ríki á evrópska efnahagssvæðinu og hafa á framfæri sínu barn sem heimilisfast er hér á landi, geta átt rétt á barnabótum í atvinnuríkinu. Ef maki verður eftir á Íslandi og starfar hér telst réttur til barnabóta vera fyrst hér á landi, en ef barnabætur eru hærri í hinu ríkinu þá ber því ríki að greiða mismuninn.

Með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri manna sem eru ríkisborgarar í landi innan evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, en starfa hér á landi og bera hér fulla skattskyldu, má ákvarða barnabætur hér á landi. Sama á við um börn þeirra sem tryggðir eru skv. 12., 13. eða 14. gr. laga um almannatryggingar.

Umsækjandi skal leggja fram fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því ríki sem börnin eru heimilisföst. Þau eru m.a.:

- Útfyllt E-411 vottorð.
- Staðfest afrit af skattframtali maka eða sé maki tekjulaus, þá staðfestingu á tekjuleysi frá skattyfirvöldum í heimalandi.
- Staðfestingu á hjúskaparstöðu í árslok þess árs sem sótt er um fyrir.

Erlendis búsettir sem koma til landsins til tímabundinna starfa eiga ekki rétt á barnabótum hér á landi þó þeir hafi á framfæri sínu barn sem dvelst hér með viðkomandi, ef dvalartíminn er styttri en 183 dagar á tólf mánaða tímabili.

Kveðja,
Ingibjörg Helga.